

**Nd.**

**327. Breytingartillögur**

við frv. til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá Jóni Baldvinssyni og Pjetri Ottesen.

1. Við 1. gr. Eftir 1. málslíð komi nýr málsl., svo hljóðandi:

Ennfremur taka lög þessi til þeirra, er reka ballskák (billiard) til afnota fyrir almenning og ekki standa í sambandi við gistihúshald eða greiðasölu.

2. Við 6. gr. Síðasta málsg. orðist svo:

Nú hefir maður þrisvar verið dæmdur sekur um brot eða undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á fyrirmælum laga eða reglugerða um góða reglu eða velsæmi í gistihúsi sínu eða veitingastað, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu. Nú hefir maður verið dæmdur sekur um brot eða undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á lögum eða reglugerðum um áfengi, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu.